

Fundur í skólaráði Glerárskóla 5. október 2015 kl. 15-16

Mættir: Eyrún skólastjóri, Helga deildarstjóri ritari fundar, Tómas Lárus og Fríða kennarar, Lára fyrir hönd annarra starfsmanna, Sigrún Elva frá hverfisnefnd, Sunneva og Freydís Dana fyrir hönd foreldra og nemendurnir Áslaug og Heiðbjört Anna úr 10. bekk.

1. Eyrún setti fundinn. Hún bauð nýtt fólk í skólaráði velkomið til starfa og kynnti viðstadda. Varamenn foreldra eru Hólmfríður og Elfa Björk, fyrir kennara er það Margrét Ingimundardóttir, enn er óljóst með varamann frá hverfisnefnd. Elín deildarstjóri leysir Eyrúnu af þarf og þá kemur Helga inn. Vantar varamenn nemenda. Eyrún dreifði reglugerð um skólaráð og sagði hlutverk ráðsins vera að fylgjast með skólastrfi og yfirfara meiriháttar aðgerðir/breytingar í skólanum.
2. Tímasetning funda. Eyrún bað afsökunar á því að fundur í skólaráði hefði ekki verið haldinn fyrr. En næstu fundir eru 2. nóvember og 7. desember. Kl. 15-16.
3. Ýmis skólamál
 - Skólanámskrá: Skólanámskráin er enn í vinnslu. Verið er að setja úr henni inn á heimasíðu.
 - Breytingar eru á námsmati og mun námsmat 10. bekkinga í vor byggja á bókstöfum. Enn er margt á huldu frá ráðuneyti um þær breytingar og skólinn heldur að sér höndum meðan ýmislegt tengt námsmatinu er óljóst. Stofnaður hefur verið samstarfshópur á landsvísu sem mun koma að vinnu að breyttu námsmati.
 - Starfsáætlun er nánast tilbúin og verður kynnt á næsta fundi.
 - Eyrún lét reglur um umgengni í matsal ganga á milli til skoðunar, þær á eftir að setja inn í skólanámskrá.
 - Komið hefur verið á nefnd sem vinnur að sameiginlegum viðurlögum skólanna á Akureyri gagnvart ýmsum brotum.
 - Stýrihópur um læsi, verkefni skólans verður; talað mál og hlustun-samræður til náms. Verður víðtækara en að lesa úr bók, erum að tala um almennt læsi.
 - Umhverfismál: Höldum áfram að flokka og heim með ruslið. Glerárskóli verður leiðtogaskóli í umhverfisáskorun þar sem barattan snýr að matarsóun. Verkefnið tengist norrænu ráðherranefndinni og verðum við í forystu fyrir skólanan á Akureyri. Verkefnið hefst í október og því lýkur í mars. Sunneva sagði frá verkefni sem matráðurinn í Oddeyrarskóla hefur staðið fyrir vegna matarsóunar þ.e. að vikta frá bekkjum og umbunin felst í að fá að velja máltíð.
 - Jákvæður agi: Alls kyns fræðsla hefur verið í gangi m.a. námskeið fyrri annað starfsfólk en kennara. Foreldranámskeið á döfinni.
 - Grenndar/útikennsla: Eyrún sagði frá því að kofinn sem keyptur var fyrir peninga frá hverfisnefnd hafi fokið í roki í síðustu viku. Sunneva mælti með að tryggingar yrðu kannaðar. Eyrún sagði frá ferð kennara í Glerárgil undir leiðsögn Sverris Thorsteinsen og jafnframt að útieldunar græjurnar okkar hefðu verið prufukeyrðar nýlega af starfsfólki.

-Vinaliðaverkefninu verður haldið áfram. Þetta er þriðja árið sem það er keyrt. Miðstig og unglíngastig verða með í vetur.

-Erasmus+. Helga sagði frá Erasmus verkefni sem skólinn tekur þátt í. Verkefnið snýst um leiki og íþróttir. Nemendur og kennarar verða á faraldsfæti næstu 2 árin, þar sem 6 þjóðir utan okkar eru með í verkefninu.

-Fjárhagsáætlun: Eyrún kynnti stöðuna. Skólinn stendur þokkalega vel.

4. Önnur mál

-Fram kom að laga þyrfti tvær körfur á frísbíggföllum og jafnframt hreinsa skiltið við íþróttahúsið sem er útkrassað.

- Eyrún sagði frá nýju starfsfólki við skólann.

-Þá var loftræsstikerfið í skólanum rætt. Það hefur verið bilað lengi. Starfsfólk kvartar undan líkamlegum einkennum vegna einhverrar óværu í húsnæðinu. Eyrún hefur sent bréf til Fasteigna Akureyrar um ástandið, rætt var um að skólaráð sendi ályktun til að þrýsta á úrbætur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið

Helga Halldórsdóttir